

**Nd.**

**894. L Ö G**

um fiskiveiðasamþyktir og landingasjóði.

(Afgreidd frá Nd. 11. september.)

1. gr.

Sýslunefndum veitist vald til þess að gera samþyktir um ýmisleg at-  
riði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og mótorbátum, sjeu þeir ekki  
stærri en 30 smálestir, með þeim takmörkum og skilyrðum, sem nefnd eru í  
lögum þessum.

2. gr.

Þegar sýslunefnd virðist ástæða til að gera samþykt, annað hvort fyrir  
alla sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar  
í þjéraði því, sem ætlast er til, að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á

þeim fundi allir þeir hjeraðsbúar, sem kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefnd ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður skal vera fundarstjóri, eða í forföllum hans einhver nefndarmanna. Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, ber honum 4 kr. á dag í dagpeninga og auk þess ferðakostnaður eftir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist hvorttveggja úr sýslusjóði.

### 3. gr.

Nú er kaupstaður innan þeirra takmarka, sem samþykkt á að ná yfir, og ganga þá 3 menn, er bæjarstjórn kys til þess úr sinum flokki, inn í sýslunefndina, ávalt þegar ræða skal um samþyktir þær, er lög þessi hljóða um, og boðar sýslumaður þá á fund sýslunefndar, þegar slík mál koma fyrir; eiga þeir þá atkvæði um alt það, er samþyktina snertir, á sama hátt og sýslunefndarmenn. Kaupstaðarbúar sækja sameiginlega með sýslubúum fundi þá, sem um er rætt í 2. gr., og greiða með þeim atkvæði um samþyktir, og eiga ávalt rjett á að setja samþykkt út af fyrir sig, eftir ákvæðum þessara laga.

### 4. gr.

Sýslunefnd ber undir álit og atkvæði funda þeirra, sem um er rætt í 2. gr., sbr. 3. gr., frumvörp til samþykta þeirra, er hún vill koma á. Nú hafa fundarmenn fallist á frumvarp nefndarinnar með  $\frac{2}{3}$  atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda stjórnarráðinu frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gerðar við frumvarpið á fundinum og samþyktar með  $\frac{2}{3}$  hlutum greiddra atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir þær síðan stjórnarráðinu sem fyr segir. En álit sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að taka til greina, ber hún það af nýju undir atkvæði hjeraðsmanna, hvort þeir æski, að frumvarpið verði staðfest án þessara breytinga, og ef fundurinn felst þá á frumvarpið með  $\frac{2}{3}$  atkvæða, ber að senda það stjórnarráðinu til staðfestingar.

Það frumvarp, eða breytingartillaga við frumvarp, sem ekki hefir verið samþykkt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða á hjeraðsfundi, er fallið, og má ekki koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyrir en að ári liðnu.

### 5. gr.

Nú virðist stjórnarráðinu ákvarðanir í samþykkt, sem því hefir verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna eða þröngva um of atvinnufrelsi, eða að þær á einhvern hátt komi í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar það þá um staðfesting sína, en gefa skal það sýslunefndinni til kynna ástæðurnar fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, fyrirskipar um birting hennar og ákveður, hve nær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem í því hjeraði stunda fiskiveiðar á bátum, sem samþykktin nær til, hvort sem þeir eiga heima í hjeraðinu eða eru aðkomandi.

Samþykkt þeirri, er stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en með þeirri aðferð, er hún var stofnuð. Samþykktin heldur ekki gildi

lengur en 10 ár í senn, en endurnýja má hana um jafnlangan tíma í senn á sama hátt, er hún var sett.

Stjórnarráðið hlutast til um, að fiskiveiðasamþyktir sjeu prentaðar í B-deild Stjórnartíðindanna.

#### 6. gr.

Í samþyktum þessum má ákveða um þau atriði, sem áriðandi eru fyrir fiskiveiðar á opnum skipum og mótorbátum innan 30 smálesta í því hjeradi, er samþyktin nær yfir, svo sem um það, hver veiðarfæri og beitu skuli hafa við fiskiveiðar á hverjum stað og hverjum árstíma, og eins um það, hvort fiskilóðir og net megi að færu veðri og forfallalaust og af ásettu ráði liggja í sjó yfir nóttu, og hvernig neta- og lóðalögnum skuli hagað til þess að fiskiveiðum sje ekki varnað um skör fram eða handfæraveiði sje spilt. Svo má og með samþykt setja reglur um niðurburð fyrir fisk og slægingu á sjó.

Með samþykt má og banna niðurskurð á hákarli á opnum skipum eða mótorbátum, sem lög þessi gilda um, um lengri eða skemri tíma árs.

Í samþykt skal ávalt ítarlega ákveða um eftirlit með því að hennar sje gætt, og hvernig greiða skal kostnað við það.

#### 7. gr.

Í samþyktum þessum má enn fremur ákveða, að skip þau, er samþyktin nær til, skuli greiða gjald í lendingarsjóð, og skal því fje einungis varið til þess að bæta lendingar á samþyktarsvæðinu, hvort heldur með því að ryðja lendingar, gera bryggjur og skjólgarða, setja upp leiðarljós eða framkvæma önnur mannvirki, er miða að því að greiða fyrir fiskiútveginum.

Lendingarsjóður skal vera í ábyrgð sýslunefndar, er sjer um ávöxtun fjárens á sem tryggastan og haganlegastan hátt, og veiti hún fje úr sjóðnum, er þörf þykir, til framkvæmda framangreindra fyrirtækja.

Lendingasjóðsgjaldið má ákveða fyrir hverja vertið alt að 2 kr. af hlut, eða 1% af afla skipsins eða 3 kr. af lest í rúmmáli skipsins. Formaður eða skipstjóri annast um greiðslu gjaldsins, og greiðist það af óskiftum afla.

Í samþyktinni skulu settar reglur um innheimtu gjaldsins, og má taka það lögtaki á þann hátt, er segir í lögum 16. des. 1885.

#### 8. gr.

Fyrir brot á staðfestri fiskiveiðasamþykt má ákveða sektir frá 5—500 krónur, er renni í lendingarsjóð, eða ef enginn lendingarsjóður er á samþyktarsvæðinu, þá í fátækra sjóð; svo má og ákveða, að öll veiðarfæri, sem brúkuð eru gagnstætt ákvæðum samþyktar, megi skipaðir umsjónarmenn taka og flytja í land án úrskurðar yfirvalds, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lög-reglustjóra upptökuna og málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skuli höfð í haldi uns eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, er veiðarfærin voru upptekin fyrir, sje sýknaður með dómi eða málssókn gegn honum fallin niður, eða hann hafi greitt sektir þær, er honum hafa verið gerðar, eða sett fullgilda tryggingu fyrir þeim.

Ákveða má og að afli, sem fenginn er með ólöglegri veiðiaðferð, skuli vera upptækur og andvirði hans renna í landingarsjóð, eða, ef hann er ekki til, í fátækra sjóð.

9. gr.

Með brot gegn samþykktum samkvæmt lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru þessi lög numin úr gildi:

Lög nr. 28, 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Viðaukalög nr. 12, 12. maí 1882, við lög 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Lög nr. 24, 4. des. 1886, um breyting á lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Lög nr. 52, 20. des. 1901, um breyting á lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Lög nr. 53, 10. nóv. 1905, um viðauka við lög 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Lög nr. 28, 11. júlí 1911, um viðauka við lög 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905 um viðauka við nefnd lög.

Lög nr. 27, 22. okt. 1912, um breyting á lögum nr. 53, 10. nóv. 1905, um viðauka við lög 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.